

Hlaðan

Hlaðan er stafrænn gagnabanki bókasafnsins. Þar er að finna próf síðustu þriggja ára og lesefni vegna valinna námskeiða. Hlaðan (<http://hlada.unak.is>) er aðgengileg frá vefsíðu bókasafnsins en nemendur þurfa aðgangsorð í hvert námskeið. Nemendur hafa aðgang að lykilorðum í Hlöðunni á heimasvæði sínu í Stefaníu.

Afgreiðslutími

Starfsmenn munu sjá til þess að fjarnemar eigi greiðan aðgang að bókasafninu bæði í síma og með tölvupósti. Bókasafnið er opið að vetrarlagi frá kl 8:00 til 18:00 alla virka daga og laugardaga kl 12:00 til 15:00. Yfir sumartímann er safnið opið frá kl 8:00 til 16:00 alla virka daga en lokað á laugardögum og sunnudögum.

febrúar 2007

BÓKASAFN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI
SÓLBORG v/NORÐURSLÓÐ, 600 AKUREYRI
SÍMI: 460 8050 - BRÉFASÍMI: 460 8994
TÖLVUPÓSTFANG: bsha@unak.is
<http://www.unak.is/bokasafn>

Bókasafn Háskólans á Akureyri



Þjónusta við fjarnema



Stefna

Bókasafn Háskólans á Akureyri stefnir að því að vera til fyrirmyndar á landsvísu og mæta þörfum atvinnulífs, fræðimennsku, kennslu, náms og rannsókna fyrir þjónustu rannsókna- og sérfræðibókasafns.

Þetta gerir bókasafnið með því að...

- veita nútímalega og hátæknivædda upplýsingaþjónustu
- mæta þörfum nemenda, kennara og sérfræðinga innan háskólans og samstarfsstofnana hans
- annast kennslu og þjálfun í upplýsingalæsi
- veita öllum aðgang sem þörf hafa fyrir sérhæfða þjónustu þess og safnkost
- halda uppi öfluglu samstarfi við önnur bókasöfn, bæði innlend og erlend, svo að auka megi fjölbreytni þess efnis og þeirrar þjónustu sem stendur til boða.

Nemendaþjónusta

Á bókasafnin er sérstök námsefnisdeild sem annast þjónustu við nemendur vegna bóka og tímarita sem tengjast beint námi þeirra, þ.e. safneintök af kennslubókum, bækur á leslistum, ítarefni vegna ritgerða og verkefna o.s.frv. Aðalnámsbækur eða skylduefni er sett á dægurlán og fjarnemar hafa því miður ekki aðgang að þeim.

Leslistar og skammtímalán

Þess er farið á leit við alla kennara háskólans að þeir afhendi bókasafninu leslista vegna námskeiða sinna nokkru áður en kennsla hefst í hverju námskeiði. Auk þess er farið fram á að kennarar afhendi bókasafninu upplýsingar um þau verkefni sem nemendum er ætlað að vinna á viðkomandi misseri. Þegar listarnir liggja fyrir eru ritin tekin úr almenna safnkostinum og sett á lán til styttri tíma. Bókaverðir annast samskipti við kennara háskólans varðandi þessi mál og sjá til þess að nauðsynlegt safnefni sé til

reiðu á tilskildum tíma. Ítarefni á leslistum er ýmist á þriggja daga láni eða vikuláni og hafa fjarnemar aðeins rýmri útlánstíma á því.

Þjónusta

Bókaverðir skipuleggja þjónustu við nemendur í samráði við forstöðumann bókasafns og kennara háskólans og annast þá þjónustu. Sérstök þjónusta við fjarnema gæti verið fólgin í ljósritun og sendingu tímaritagreina, póstsendingum á efni til nemenda, millisafnalánum og heimildaleit í gagnagrunnum sem aðeins eru aðgengilegir á bókasafninu. Fjarnemar fá aðgangs- og lykilorð að þeim gagnasöfnum sem einungis eru opin á staðarneti skólans. Það skal þó tekið fram að fjarnemar greiða alla jafna sama verð fyrir þjónustu bókasafnsins og aðrir nemendur.

Vefsíður

Vefsíður Bókasafns Háskólans á Akureyri gegna veigamiklu hlutverki í samskiptum við fjarnema en þær eiga að vera upplýsingamiðill sem þeir geta ávallt sótt til. Þar á að vera greiður aðgangur að bókasafninu, öllum safnkosti þess og þeirri þjónustu sem þar er veitt.

Kennsla og þjáflun í upplýsingalæsi

Lögð er áhersla á að bjóða öllum nemendum háskólans kennslu og þjálfun í upplýsingalæsi bæði við upphaf náms og einnig síðar, t.d. vegna vinnu við lokaverkefni. Markmið hennar skal ávallt vera að stuðla að því að nemendur, nær og fjær, öðlist færni í upplýsingalæsi og verði sem fyrst sjálfbjarga í heimilda- og upplýsingaleitum. Upplýsingalæsi hefur verið skilgreint þannig, að sá er læs á upplýsingar sem veit hvenær þeirra er þörf og hefur yfir að ráða færni til að finna þær, meta gildi þeirra og hagnýta þær.